



Félagssjónusta Norðurlands

KETILSBRAUT 7-9 640 HÚSAVÍK. Sími: 464-6100 kt: 640169-5599

Verklagsreglur um tilkynningar til barnaverndarnefndar á þjónustusvæði Félagssjónustu Norðurlands:

Eftirfarandi verklagsreglur gilda hjá öllum grunnskólum og leikskólum á þjónustusvæði Félagssjónustu Norðurlands varðandi tilkynningar skv. ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002. Reglurnar voru unnir í samráði við starfsfólk allra skólanna undir handleiðslu sérfræðinga frá Barnaverndarstofu og barnaverndarstarfsmanna á þjónustusvæðinu haustið 2006.

1. Vakni grunur um vanrækslu eða eitthvað sem hugsanlega ber að tilkynna til barnaverndarnefndar skal starfsmaður leita til næsta yfirmanns þar sem tekin er afstaða varðandi meðferð og framhald málsins.
2. Sé tekin ákvörðun um að tilkynna, er gert ráð fyrir að tilkynnt sé í nafni skólans og að tilkynningin sé á ábyrgð stofnunarinnar en ekki einstakra starfsmanna. Stofnunin nýtur ekki nafnleyndar sbr. 19. gr. barnaverndarlaganna.
3. Skrá skal hvað veldur því að tilkynnt er og skal það fylgja tilkynningunni.
5. Haldinn skal tilkynningafundur með foreldrum og starfsmanni barnaverndarnefndar til að tilkynna. (nema vegna gruns um einhverskonar ofbeldi), þar sem foreldrar eru látnir vita af tilkynningunni og gera þeim grein fyrir því að skólinn sé þannig að fylgja lagalegri skyldu sinni. Nauðsynlegt er að fram komi með skýrum hætti að málið snúist um velferð barnsins og stuðning við það fremur en ásökun í garð foreldra, og hvernig málið verður unnið af barnaverndarstarfsmönnum.
4. Sé grunur um ofbeldi eða kynferðislega misbeitingu innan heimilis skal tilkynnt strax án vitundar forráðamanna.
5. Einungis þeir sem nauðsynlegt er að viti um tilkynninguna skulu hafa vitneskju um hana.
6. Sé ekki eining um að tilkynna skal leita ráðgjafar hjá starfsmanni barnaverndarnefndar og skal hverju samtali (máli) ljúka með tilkynningu eða lokun máls.

- Með þessum verklagsreglum er til þess ætlast að starfsfólk skólanna meti hvort ástand, líðan eða umönnun barns sé þannig háttað að tilkynna eigi um það til barnaverndarnefndar þar sem barnið býr. Tilkynna þarf um grun ekki aðeins staðfestar sannanir. Það er síðan barnaverndarnefnd og/eða starfsmenn hennar sem meta hvort grunur sé nægilega rökstuddur og taka ákvörðun um frekari könnun í framhaldi af því.
- Starfsmaður barnaverndarnefndar getur ekki gefið skólanum upplýsingar um hvernig máli vindur fram nema með leyfi foreldra/forráðamanna.
- Mikilvægt er fyrir barnaverndarnefndir að eiga greiðan aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um börn og foreldra við könnun barnaverndarmáls til að meta aðstæður barnsins. Upplýsingaskyldan gildir óháð því hvort viðkomandi stofnun hefur tilkynnt um málið til barnaverndarnefndar eða ekki. Þessi ákvæði eru tiltekin barnaverndarlögum

Tilkynningum ber að beina til barnaverndarnefndar Þingeyinga (eða þar sem barnið býr), eða þeim skal komið áleiðis í gegnum Neyðarlínuna 112

Félagsþjónusta Norðurþings, Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík, s: 464-6130.

Upplýsingar um símanúmer hjá öðrum barnaverndarnefndum má finna á heimasíðu Barnaverndarstofu: <http://www.bvs.is>

Úr Barnaverndarlögum nr. 80/2002:
Tilkynningarskylda og aðrar skyldur við barnaverndaryfirvöld.

16. gr.

Tilkynningarskylda almennings.

Hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik sem telja má að hún eigi að láta sig varða.

17. gr.

Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólustjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur frammar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

18. gr.

Tilkynningarskylda lögreglu og skýrslutaka af börnum.

Ef lögregla verður þess vör að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu skal hún tilkynna barnaverndarnefnd um það. Þegar grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn annaðhvort af barni eða gegn því skal lögregla, þegar hún fær slíkt mál til meðferðar, tilkynna það barnaverndarnefnd og gefa henni kost á að fylgjast með rannsókn málsins. Barnaverndarnefnd skal tilkynna foreldri barns um slíkt mál mæli hagsmunir barnsins ekki gegn því.

Um skýrslutökur af börnum sem brotapolum, sakborningum eða vitnum í opinberum málum, hvort heldur sem er á rannsóknarstigi eða við meðferð máls fyrir dómi, gilda ákvæði laga um meðferð opinberra mála og reglugerða sem settar hafa verið með stoð í þeim.

19. gr.

Nafnleynd tilkynnanda.

Hver sá sem tilkynnir til barnaverndarnefndar skal segja á sér deili.

Ef tilkynnandi skv. 16. gr. óskar nafnleyndar gagnvart öðrum en nefndinni skal það virt nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Ákvörðun barnaverndarnefndar um nafnleynd er heimilt að skjóta til kærufndar barnaverndarmála. Leiðbeina skal tilkynnanda um rétt hans til að kæra ákvörðun barnaverndarnefndar.

Ákvæði 2. mgr. um rétt til nafnleyndar á ekki við um tilkynnendur skv. 17. og 18. gr.

20. gr.

Samstarf við barnaverndaryfirvöld.

Öllum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna er skylt að hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld. Barnaverndaryfirvöld skulu einnig leitast við að eiga gott samstarf við þessa sömu aðila.

Öllum sjúkraföngunum, þar með töldum áfengismeðferðarstofnunum og geðdeildum, ber að taka tillit til hagsmuna barns þegar teknar eru ákvarðanir um meðferð og innlögn foreldra þess. Læknar, hjúkrunarfræðingar og aðrir starfsmenn á framangreindum stofnunum skulu hafa samráð við barnaverndarnefndir svo unnt verði að haga nauðsynlegum barnaverndarúræðum í samræmi við ákvarðanir um meðferð og innlögn foreldris.

Skylt er lögreglu og fangelsismálayfirvöldum að hafa samstarf við barnaverndarnefndir og veita þeim eftir atvikum aðstoð við úrlausn barnaverndarmála.

Félagsmálaráðherra getur sett í reglugerð nánari reglur um samstarf barnaverndarnefnda við aðrar stofnanir í samráði við þau ráðuneyti sem viðkomandi stofnanir heyra undir.

.....

44. gr.

Upplýsingaskylda gagnvart barnaverndarnefnd.

Öllum heilbrigðis- og sjúkrastofnunum, þar með töldum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, sérfræðingum sem veita félagslega þjónustu, geðdeildum, meðferðardeildum og meðferðarstofnunum fyrir áfengissjúklinga og fíkniefnaneytendur, og stofnunum sem veita félagslega þjónustu eða aðstoð, er skylt eftir að barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um könnun máls að láta nefndinni endurgjaldslaust í té upplýsingar um heilsu barns og foreldra þess, þar á meðal upplýsingar um ástand viðkomandi og batahorfur, auk annarra upplýsinga sem nefndin telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins.

Með sama hætti er öllum stofnunum og öðrum aðilum þar sem barn hefur dvalist eða kemur reglulega, svo sem skólum, dagvistarheimilum og félagsmiðstöðvum fyrir börn og unglunga, skylt að láta nefndinni í té upplýsingar sem hún telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins.

Þá skulu lögregla og sakaskrá ríkisins með sama hætti láta nefndinni í té upplýsingar sem þessar stofnanir búa yfir um barn og foreldra þess og varðað geta málið.

Upplýsingar samkvæmt þessari grein skal veita svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 14 dögum eftir að beiðni barst.

Upplýsingaskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu einstakra starfsstétta.